

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Dalvíkur.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Hitaveitu Dalvíkur. Öll verð í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts og orkusatts.

2. gr.

Viðmiðunarhitastig gjaldskrár er 25°C.

Gjöld fyrir afnot af hitaveituvatninu eru sem hér segir:

a) Orkugjald skv. orkumæli	kr. 3,05	pr. kWst.
b) Orkugjald skv. orkumæli sundlauga	kr. 1,525	pr. kWst.
c) Lokunargjald	kr. 8.704	

Þeim viðskiptavinum Hitaveitu Dalvíkur sem nota meira 10.006.000 kWst. á ári er veittur 30% afsláttur af gjaldskrá.

3. gr.

Viðskiptavinir skulu greiða fast gjald í formi mælaleigu, gjaldið er daggjald og er breytilegt eftir stærð mæla. Mælaleigan er sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælagjald í kr. á dag</i>
15 mm	41,66
20 mm	55,82
25 mm	83,13
40 mm	104,33
50 mm	130,60
65 mm	147,09
80 mm	166,02
100 mm	187,36

4. gr.

Heimædagjald Hitaveitu Dalvíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Fyrir hús allt að 400 m ³ að utanmáli og heimæð allt að 50 m	kr. 417.697
og á hvern m ³ þar yfir	kr. 525
og á hvern m fram yfir 50 m	kr. 9.141

Rúmmál húsa miðast við stærðir samkvæmt reglum um skráningu fasteigna hjá Þjóðskrá Íslands. Heimædagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður tengt hitaveitunni eða ekki.

Heimædagjald hitaveitu fyrir útihús tengd landbúnaði skal vera með eftirfarandi hætti:

- Fyrir mjólkurhús/fjós skal greiða lágmarksgjald kr. 417.697
- Fyrir hesthús að 700 m³ skal greiða lágmarksgjald. Aðilum er heimilt að sameinast um inntak.

Ef um er að ræða lagnir í dreifða byggð eða samkvæmt sérsamningi er vísað til 17. gr. reglugerðar fyrir Hitaveitu Dalvíkur. Gjald þetta skal þó aldrei vera lægra en nemur lágmarks heimædagjaldi hitaveitunnar.

5. gr.

Heimædagjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í september 2022, 173,0 stig. Hitaveitunni er heimilt að breyta heimædagjöldum þessum í samræmi við breytingu á nefndri vísitölu.

6. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld skv. gjaldskrá þessari. Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 10 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilunum veldur, hverju sinni kr. 8.704.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, til að taka gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1614/2021.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 19. janúar 2023.

F. h. r.

Sigríður Svana Helgadóttir.

Hreinn Hrafnkelsson.

—————
B-deild – Útgáfudagur: 23. janúar 2023